

Alþingi
Erindi nr. P 140/1419
komudagur 6.3.2012



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

www.egilsstadir.is

UMSÖGN

392. mál

Athugasemdir vegna þingmála nr. 392 og 393, tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011 – 2014 og tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011 - 2022.

Egilsstaðaflugvöllur

Egilsstaðaflugvöllur er einn öruggasti landingarstaður á Íslandi, bæði í landfræðilegu og veðurfarslegu tilliti. Mikilvægi hans sem varaflugvallar fyrir millilandaflug er því ótvírætt og hefur sýnt sig, m.a. við þær aðstæður sem sköpuðust hér á landi árið 2010. Þær aðstæður drógu einnig fram nauðsyn þess að stækka flughlöð á Egilsstaðaflugvelli til að auka öryggi vallarins og möguleika við notkun hans. Slík framkvæmd nú, þegar lítið er um verkefni hjá jarðvinnuverktökum á Austurlandi, væri hagkvæm, jákvæð og eðlileg aðgerð af hálfu stjórnvalda til að bregðast við mögulegum samdrætti á svæðinu auk þess að stuðla að framtíðaratvinnuuppbyggingu í tengslum við öflugan alþjóðaflugvöll.

Undir þetta sjónarmið tók aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) í september sl. auk þess að áréttu mikilvægi þess að við þróun hans verði horft til uppbyggingar aðstöðu fyrir þyrlusveit Landhelgisgæslunnar. Nú þegar eru sterk rök fyrir því að koma fyrir þyrlu austanlands, ekki aðeins vegna fjölsótttra fiskimiða úti fyrir ströndinni heldur mætti þannig stytta verulega viðbragðstíma vegna slysa sem verða á austur- og norðurhluta landsins. Þar við bætist fyrirsjáanlega aukin umferð ferðamanna, m.a. í tengslum við Vatnajökulspjóðgarð og síðan umsvif í tengslum við mögulega olíuvinnslu á Drekasvæðinu.

Ekki er að sjá að gert sé ráð fyrir fjármagni til þessara framkvæmda í fyrirliggjandi drögum að samgönguáætlun og er því lögð á það áhersla að tillögurnar verði leiðréttar með þetta í huga. Mikilvægt er að framkvæmdir vegna þessa komi inn á tímabil 1.

Vegamál

Á undanförnum misserum hafa fulltrúar Fljótshéraðs vakið athygli á nokkrum brýnum verkefnum í vegabótum sem liggja fyrir á Austurlandi og sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnulífs á svæðinu. Bent hefur verið á að til skemmri tíma lítið þurfi að leggja áherslu á að ráðast sem fyrst í lagningu bundins slitlags á tengivegi innan sveitarfélagsins Fljótshéraðs. Sýnt var fram á með úttekt sem unnin var á vegum sveitarfélagsins haustið 2008 að það hefur setið eftir við uppbyggingu vegakerfisins. Þannig eru enn um 180 km tengivega malarvegir en um þá fer umtalsverð umferð.

Með því að ráðast í lagningu bundins slitlags á þessum vegum, eða hluta þeirra, má ná fram umtalsverðum sparnaði í veghaldi, draga verulega úr mengun og skapa jarðvinnuverktökum atvinnu á tímum sem verkefnabúrrð ríkir. Þeir vegir sem um ræðir m.a. eru Borgafjarðarvegur, Upphéraðsvegur um Fell, Hróarstunguvegur, Jökuldalsvegur (um Efra-Dal) og Hlíðarvegur (stofnvegur).

Vakin er athygli á samþykktum aðalfundar SSA frá því í september 2011 þar sem segir m.a.:

.....
Nýframkvæmdir í vegagerð – Nauðsynlegt er að fjárfesta í vegagerð með sérstakri áherslu á vegi sem tengja jaðarsvæði við miðsvæði auk þess að stytta flutningsleiðir. Í forgangi er tenging syðsta hluta svæðisins við Fljótshérað með uppbyggingu vegar um Öxi en fyrsti hluti þess verkefnis er vegagerð um Skriðdal og Berufjarðarbotn sem einnig nýtist vel í uppbyggingu annarra vegtenginga. Vakin er athygli á að fyrir liggur hönnun þeirrar framkvæmdar í heild sinni af hálfu Vegagerðarinnar.



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

www.egilsstadir.is

Endurbætur og viðhald vega – Gera þarf áttak í því að koma á bundnu slitlagi á aðra vegakafla sem enn eru með malaryfirborði. Eru þar fremstir í flokki Borgarfjarðarvegur, Þjóðvegur nr. 1 um Breiðdal, vegurinn um Jökulsárhlöð og Upphéraðsvegur um Fell. Jafnframt er nauðsynlegt með tilliti til öryggis, að fjármagni verði varið í endurbyggingu á vegköflum í botni Reyðarfjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar og Hamarsfjarðar.

.....“

Það er fagnaðarefni að gert skuli vera ráð fyrir fjármunum í framkvæmdir við Borgarfjarðarveg (100 millj.kr. árið 2012 og síðan annað eins á tímabili 2) en vekur að sama skapi furðu að ekki skuli vera gert ráð fyrir fjármunum til annarra brýnna vegabóta á svæði Fljótshéraðs á árunum 2012, 2013 og 2014 sem þó hafa verið færð gild rök fyrir. Einnig er gerð athugasemd við að ekki skuli vera tekið tillit til þeirra áherslna sem fram koma í samþykktum aðalfundar SSA með ákveðnari hætti en fram kemur í fyrirleggjandi tillögum.

Hér að framan er vitnað til áherslna SSA varðandi nýframkvæmdir, annars vegar, og endurbætur og viðhald vega, hins vegar, en ekki er að sjá af tillögunum að þessar áherslur hafi skilað sér að fullu til stjórnvalda. Er þess vænst að þær áherslur er fram koma í tillögunum verði teknar til endurskoðunar þannig að framkvæmdir beggja vegna Axar (um Skriðdal og Berufjarðarbotn) komi inn á tímabil 1 og að framkvæmdir „Skriðuvatn – Axarvegur“ færist inn á tímabil 2 auk þess að fjárframlag taki mið af þeirri hönnun sem unnin hefur verið að hálfu Vegagerðarinnar.

Bent er á að með uppbyggingu heilsársvegar um Öxi styttist flutningsleiðin frá Reykjavík eftir suðurströndinni inn á Mið-Austurland verulega. Til að mynda styttist leiðin til Egilsstaða um tæpa 70 kílómetra m.v. svonefnda fjarðaleið, með tilheyrandi sparnaði fyrir flutningsaðila, þá sem sækja þjónustu, ferðamenn og aðra þá sem geta notfært sér nýjan veg. Að auki má reikna með að umtalsverð jákvæð umhverfisáhrif verði af jafn mikilli styttingu og um ræðir auk þess sem draga mun úr umferð um vegakafla sem nýjustu athuganir hafa sýnt að er einn sá hættulegasti á landinu.

Bæjarráð Fljótshéraðs tekur undir þær áherslur er fram koma m.a. í stefnumótun samgönguáætlunar er hljóða þannig:

„Aðgengi og hreyfanleiki í samgöngukerfinu fyrir flutninga á fólki og vörum innan og á milli svæða verði bættur. Sköpuð verði skilyrði fyrir flesta landsmenn til að komast til atvinnu- og þjónustukjarna á innan við einni klukkustund.

Skilgreindir verði atvinnu- og þjónustukjarnar landsins í sóknaráætlunum landshluta og landsskipulagsstefnu.“

Í þessu sambandi hefur verið um það rætt að horfa sérstaklega til skilgreindra þjónustukjarna svæða (landshluta) og efla svæðin með samgöngubótum þannig að íbúarnir komist til viðkomandi þjónustukjarna á innan við klukkustund allan ársins hring. Enn er nokkuð í að samgönguleiðir á Austurlandi séu af þeim gæðum að þetta markmið náist.

Áherslur Fljótshéraðs taka m.a. mið af því að framangreint sé hluti af raunverulegri stefnu stjórnvalda í samgöngumálum.



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

www.egilsstaðir.is

Jarðgöng

Aðstæður á Austurlandi eru með þeim hætti að framkvæmdir við jarðgöng eru nauðsynlegur þáttur í uppbyggingu samgöngukerfis í samræmi við þá stefnumótun sem sett er fram í samgönguáætlun um tengingu landsmanna við atvinnu- og þjónustukjarna. Bæjarráð Fljótshéraðs leggur áherslu á að sveitarfélög á Austurlandi hafa náð saman um forgangsröðun jarðgangaf framkvæmda. Áhersla er á að framkvæmdir við Norðfjarðargöng eigi að hefjast sem fyrst en þar á eftir komi Fjarðarheiðargöng frá Héraði til Seyðisfjarðar, Lónsheiðargöng og Vopnafjarðargöng. Að auki er áhersla á að

jarðgangaf framkvæmdir séu fjármagnaðar sérstaklega en komi ekki af almennu vegafé. Vísað er til eftirfarandi hluta úr samgönguályktun aðalfundar SSA 2011:

.....
Jarðgangagerð - Þörf er á verulegri fjárfestingu í gerð jarðgangna í fjórðungnum. Þessi fjárfesting má þó ekki verða á kostnað annarra framkvæmda í vegagerð sbr. aðra liði hér að neðan. Mikilvægt er því að jarðgangagerð verði fjármögnuð með sértækum hætti á landsvísu, líkt og gert hefur verið hingað til. Áhersla er lögð á að Norðfjarðargöng eru í forgangi gangagerðar innan fjórðungsins, enda er full samstaða þar um. Gerð er krafa um að gerð þeirra verði næstu jarðgangaf framkvæmdir sem ráðist verður í á landinu og óvissu um tímasetningu á upphafi við framkvæmd þeirra verði eytt í komandi samgönguáætlun Alþingis. Þá þarf að hefja rannsóknir til undirbúnings næstu jarðganga í fjórðungnum þ.e. Fjarðarheiðar-, Lónsheiðar- og Vopnafjarðarganga.
.....

Bæjarráð Fljótshéraðs leggur áherslu á að Alþingi taki við gerð samgönguáætlunar tillit til vinnu sveitarfélaga á svæðinu og þeirra sameiginlegu áherslna sem mótaðar hafa verið á þeim vettvangi.

Lagarfljótsbrú

Það vekur furðu bæjarráðs að ekki skuli á samgönguáætlun vera gert ráð fyrir gerð nýrrar brúar yfir Lagarfljót milli Egilsstaða og Fellabæjar. Núverandi Lagarfljótsbrú er að stofni til frá árinu 1905. Það eitt og sér ættu að vera fullnægjandi rök fyrir því að á samgönguáætlun eigi að gera ráð fyrir byggingu nýrrar brúar. Vakin er athygli á að ekki hafa verið gerðar á brúnni verulegar endurbætur allt frá árinu 1956, ef frá er talin bygging gangbrautar árið 1997 í þeirri samgönguáætlun sem nú er að renna sitt skeið á enda var gert ráð fyrir gerð nýrrar brúar og átti þeirri framkvæmd að vera lokið árið 2011. Ársdagsumferð um brúnnar er samkvæmt umferðarskýrslum undanfarinna ára rétt um 3000 bílar. Árið 2008 óskaði bæjarráð Fljótshéraðs eftir því við Vegagerðina og Landsvirkjun að kannað yrði hvort brúnni kynni að stafa hættu af auknu vatnsmagni í Lagarfljóti, ísmyndun og krapastíflum. Um brúnnar liggja stofnvatnsæðar Hitaveitu Egilsstaða og Fella fyrir heitt og kalt vatn auk rafstrengja og gagnatenginga. Augljóst er að rofni framangreindar tengingar skapast veruleg vandamál.

Bæjarráð lítur svo á að um yfirsjón hljóti að vera að ræða og gerir ráð fyrir að við endanlega afgreiðslu samgönguáætlunar verði gert ráð fyrir nýrri brú yfir Lagarfljót.

Egilsstaðir 5. mars 2012

F.h. bæjarráðs Fljótshéraðs

Björn Ingimarsson
bæjarstjóri Fljótshéraðs

- Lyngási 12
- Pósthólf 183
- 700 Egilsstaðir
- Sími 4 700 700
- Fax 4 700 701
- egilsstaðir@egilsstaðir.is